

RÍKISSTJÓRABRÉF

68

12. ágúst

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn
1. september 1943.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 1. september 1943, kl. 14.

Gjört í Reykjavík, 12. ágúst 1943.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

69

7. sept.

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 150 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagning þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

2. gr. laga nr. 14 5. maí 1941 er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. september 1943.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Ólafsson.